32. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Starfmenn félagsþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs.

33. gr

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð.

Þar sem starfsmenn fjöskylduráðs hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að fjölskylduráð fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til fjölskylduráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

34. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

Reglur þessar sem voru samþykktar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 16. desember 2003 tóku gildi 1. janúar 2004.

Hafnarfirði, 20. janúar 2004.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri.

23. janúar 2004 Nr. 101

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Reykjavíkur.

Raforkugjöld, varmaorkugjöld og önnur gjöld.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Á orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur eru reknar allnokkrar veitur sem geta haft mismunandi gjaldskrá. Þessar veitur eru auðkenndar með sér heiti, td. Munaðarnesveita.

2. gr.

Heitt vatn.

2.1 Varmaorka.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu eða með takmörkun á rennsli með hemlum.

Orkuveitusvæði	Almennur taxti [kr/rúmmetri]	Sumarhúsataxti Grunnverð [kr./mínútulítri]	Sumarhúsataxti Umframverð [kr./mínútulítri]
Höfuðborgarsvæðið, Akranes og Borgarnes	64,54		
Hitaveita Þorlákshafnar	64,54		
Grímsnesveita	70,57	14.652	9.140
Norðurárdalsveita	70,57	16.087	10.034
Hlíðaveita	70,57	16.791	10.474
Munaðarnesveita		17.281	10.779

Innifalið í grunnverði sumarhúsataxta eru 3 mínútulítrar, ekki er hægt að kaupa minna magn. Óski orkukaupendur eftir frekara rennsli greiðist umframverð fyrir hvern mínútulítra. Breytingu á hemilskammti til aukningar eða lækkunar er einungis hægt að gera einu sinni á ári.

Orkuveita Reykjavíkur hefur heimild til að veita afslátt frá almennum taxta í eftirfarandi tilfellum (sjá söluskilmála Orkuveitu Reykjavíkur):

Tegund notkunar	Afsláttur allt að:
Gróðurhús	50%
Sundlaugar	50%
Fiskeldi	50%
Íþróttavellir	25%
Iðnaðarvatn	50%

Sækja skal skriflega um afslátt frá almennum taxta til Orkuveitu Reykjavíkur.

Að auki býður Orkuveita Reykjavíkur upp á sérsamninga við orkukaupendur sem kaupa varmaorku stórra snjóbræðslna og annarra nota en að framan greinir. Nánari upplýsingar veitir markaðsdeild Orkuveitu Reykjavíkur.

Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lækkunar á hita vatnsins.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum orkukaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæðar sínar ári eftir að þær voru tilbúnar til notkunar.

2.2 Fast gjald.

Fast gjald er hluti af almennum taxta og í öllum öðrum samningum þar sem selt er samkvæmt mæli. Fasta gjaldið er háð stærð mælis og er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

Málstærð mælis [mm]	Fast gjald I [kr./dag]
15 til 20	21,29
25 til 50	44,46
65 og stærri	90,13

3. gr.

Raforka.

3.1 Almenn orkunotkun.

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

	Almennur taxti	Blandaður taxti
Fast gjald [kr./dag]	8,52	32,83
Orkugjald [kr./kWh]	6,46	3,90

3.2 Afl- og orkunotkun.

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útilýsing. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

	Afl- og orkumæling	Útilýsing
Fast gjald [kr./dag]	146,20	
Aflháð gjöld [kr./kW/dag]:		
-aflgjald	24,78	67,83
-viðhaldsgjald		71,23
Orkugjald [kr./kWh]:		
-vetur	4,02	
-sumar	1,85	

3.3 Rofin orkunotkun.

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

	Notkun < 200 MWh/ári	Notkun > 200 MWh/ári	Næturnotkun < 200 MWh/ári	Næturnotkun > 200 MWh/ári
Fast gjald [kr./dag]	24,32	24,32	24,32	24,32
Orkugjald [kr./kWh]:				
-með rofi í nóv. til feb.	3,42	4,30		
-með rofi í des. til jan.	3,70	4,86		
-sumarorkugjald		2,10		1,72
-vetrarorkugjald				3,35
-orkugjald			2,80	

3.4 Tímaháð orkunotkun.

Tímaháð orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

	Gildistími	Gjöld
Fast gjald [kr./dag]		365,51
Lágverð [kr./kWh]	okt. til apr. kl. 21-09 maí til sept. kl. 00-24	3,32
Miðverð [kr./kWh]	nóv. til feb. kl. 13-17 (virkir dagar) nóv. til feb. kl. 09-21 (frídagar*) okt., mar. og apr. kl. 09-21	6,16
Háverð [kr./kWh]	nóv. til feb. kl. 09-13 og 17-21 -virkir dagar ásamt aðfangadegi og gamlársdegi	15,38

4. gr.

Önnur gjöld.

4.1 Heimlagnagjöld
Heitt vatn – Heimæðargjald

Stærð heimæðar ákvarðar Orkuveita Reykjavíkur samkvæmt ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er minni en 50 metrar gildir eftirfarandi gjaldskrá.

Fyrir hvern metra umfram 50 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar.

Málstærð	15 mm	20 mm	25 mm	32 mm	40 mm	50 mm	65 mm	80 mm
Orkuveita Reykjavíkur	Ekki í boði	64.688	128.013	192.240	383.795	637.323	1.273.961	2.546.107
Hitaveita Þorlákshafnar	Ekki í boði	64.688	128.013	192.240	383.795	637.323	1.273.961	2.546.107
Grímsnesveita	96.904	193.808	404.518	618.608	1.256.372	2.100.337	-	-
Norðurárdalsveita	96.904	193.808	404.518	618.608	1.256.372	2.100.337	-	-
Hlíðaveita	216.600	278.421	487.236	-	-	-	-	-
Munaðarnesveita	216.600	278.421	487.236	-	-	-	-	-

Heimæðargjöld fyrir inntök stærri en lágmarksmálstærð viðkomandi veitu eru reiknuð út sérstaklega af Orkuveitu Reykjavíkur.

15 mm málstærð er einungis í boði fyrir sumarhús.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi, fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi sömu málstærðar og tengigrind. Ef ekki er til heimæðargjald fyrir þá málstærð tengigrindar sem setja á upp skal miðað við þá málstærð sem næst er.

Rafmagn - Heimtaugagjald.

Málstraumur [A]	Heimtaugagjald [kr.]
50	60.576
63	75.473
100	120.713
200	239.271
315	376.152
400	487.166
630	756.616
710	854.696
1200	1.442.486
1800	2.149.792
2400	2.883.116

Rafmagn - Bráðabirgðaheimtaugar.

		Lengdargjald	
Málstraumur [A]	Stofngjald [kr.]	Jarðstrengur [kr./m]	Loftlína [kr./stólpa]
50	17.025	2.026	25.647
63	18.971	2.026	29.529
100	20.258	2.641	34.270
200	72.200	2.641	34.270

Rafmagn – Sumarhúsaheimtaugar.

Málstraumur [A]	Heimtaugagjald [kr.]
35	259.509

4.2 Mælaleiga.

Mælaleiga er innifalin í orkuverði skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

Mælitæki	Leiga [kr./dag]
Orkumælir, einfasa	2,62
Orkumælir, þrífasa	10,35
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	17,54
Aflmælir	17,54
Aflmælir með straumspennum	26,17
Tvígjaldsorkumælir	16,83
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	25,71
Fjarstýriliði	11,59
Púlsmagnari	17,54

4.3 Tengigjald - Skammtímanotkun.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar	6.716 kr.

Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.

4.4 Álestrargjald.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda	1.271 kr.

4.5 Innheimtugjöld.

Seðilgjald	200 kr.
Vanskilagjald (15 dögum eftir gjalddaga)	450 kr.
Ítrekunargjald (6 vikum eftir gjalddaga)	900 kr.
Lokunaraðgerðagjald	1.861 kr.
Uppskiptigjald	1.800 kr./ári

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur nr. 793/1998 og reglugerð fyrir Hitaveitu Þorlákshafnar, nr. 245/2001 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 961, 19. desember 2001, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. janúar 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.